

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþóttunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson. Mættir voru til fundar vegna dagskrárliðar 1. fulltrúar Landsnets þau, Árni Jón Elísson, Rut Kristinsdóttir og Þórarinn Bjarnason.

Dagskrá

1. **Kröflulína 3, fulltrúar Landsnets mæta á fundinn**
2. **Gunnarsstofnun, Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður mætir á fundinn**
3. **Skýrsla oddvita**
4. **Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps ,1 könnun**
5. **Bréf**
 - a) Afrit af bréfi formanns svæðisráðs Austursvæðis, til 1 þingmanns Norðausturskjördæmis , dags. 12.12 2017
 - b) Landgræðsla ríkisins, dags. 12.12 2017

6. Fjárbeiðnir

Páll og Hildur, v. göngustígagerðar á Laugarfellssvæðinu, *frestað afgreiðslu 15.12*

7. Fundargerðir

- a) Félagsmálanefnd 12.12 2017
- b) HAUST 13.12 2017

8. Önnur mál

1. Kröflulína 3

Fulltrúar Landsnets kynntu í stuttu máli álit Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Kröflulínu 3 og kynntu einnig aðalvalkost Landsnets, sem er loftlína alla línuleiðina. Þá ræddu þau um hvernig Landsnet sæi fyrir sér framgang verkefnisins og kom þar m.a. fram að viðræður við Vegagerðina um að byggja nýja brú á Jökulsá á Dal við Klaustursel stæðu yfir. Í öllum viðkomandi sveitarfélögum þarf að breyta aðalskipulögum vegna framkvæmdarinnar. Boðað var að á næstunni bærast sveitarfélaginu bréf frá Landsneti þar sem óskað yrði aðalskipulagsbreytinga vegna nýrra náma og breytingar á heiti línunnar. Í vor eða á fyrri hluta árs yrði óskað framkvæmdaleyfis og æskilegt væri að sveitarfélögin yrðu samstiga við útgáfu leyfa. Viðræður við landeigendur væru í gangi. Oddviti sýndi kort þar sem línulegan er lögð ofan í jarðamerkjagrunn Fljótsdalshrepps og benti á að línan færi um land Hamborgar, en Landsnet hefur ekki rætt við landeigendur þeirrar jarðar. Fulltrúar Landsnets sögðust þegar mundu hefja viðræður við þá, en fyrirtækinu hefði ekki verið ljóst að línan lægi um land Hamborgar. Væntingar Landsnets standa til að hægt verði á yfirstandandi ári að hefja slóðagerð á allri línuleiðinni, á næsta ári verði línan reist og frágangur og lok framkvæmdar verði á árinu 2020. Eftir umræður þar sem m.a. var rætt um möguleika á lagningu jarðstrengja, var gestum þökkuð koman.

2. **Gunnarsstofnun.** Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður kom til fundar 14.45. Rætt var um þjónustusamning milli Fljótsdalshrepps og Gunnarsstofnunar og verkefni og málefni honum tengdum. Einnig rætt um starfsemi Gunnarsstofnunar og forstöðumanni óskað til hamingju með hækkað fjárframlag frá ríkinu, sem hefur gert kleyft að ráða annan heilsársstarfsmann til Gunnarsstofnunar. Oddviti og forstöðumaður stofnunarinnar undirrituðu nýjan samning sem gildir til ársloka 2020. Skúla þökkuð koman.

Skúli Björn fór af fundi kl 15.30.

3. Skýrsla oddvita.

Fundur um landbúnaðarmál var haldinn í Végarði 28. desember og var ágætlega sóttur, yfir 30 manns mættu þar. Jólavistin var spiluð á 8 borðum 29. desember.

UMF Þristur hefur skilað til Fljótsdalshrepps skýrslu stjórnar fyrir árin 2015 og 2016.

Slökkviliðsstjóri telur brýnt að almannavarnarnefnd Múlapings komi saman og fari yfir málefni aðgerðarstjórnstöðvar og ræði stöðu hópslysaáætlunar fyrir Austurland.

Samkvæmt nýsamþykktri breytingu á lögum um mannvirki nr. 160/2010, er frestað til 1. janúar 2019, kröfum um faggildingu til að yfirfara séruppdrætti og annast úttektir og frestað kröfum um faggildingu til að yfirfara aðaluppdrætti til 1. janúar 2020.

4. Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps 1. könnun.

Farið var yfir stöðu jafnréttisáætlunar sveitarfélagsins, svo sem áætlunin kveður á um að gert sé fyrir 1. 1 2018, og skoðað hvort markmiðum hafi verið náð. Talsvert vantar upp á að jöfnu kynjahlutfalli sé náð í nefndum og ráðningum starfsmanna, en hlutfall karla og kvenna er nokkuð svipað og kynjahlutföll íbúa Fljótsdalshrepps. Áætlunina á að endurskoða á næsta kjörtímabili.

5. Bréf

- a) Afrit af bréfi formanns svæðisráðs Austursvæðis, til 1 þingmanns Norðausturskjördæmis, dags. 12.12 2017. Varðar m.a. áherslur svæðisráðsins í rekstri á Austursvæði og fjárframlög til þjóðgarðsins. Kynnt.
- b) Landgræðsla ríkisins, dags. 12.12 2017. Kynnt. Varðar endurheimt og varðveislu votlendis.

6. Fjárbeiðnir

Páll og Hildur, v. göngustígagerðar á Laugarfellssvæðinu, frestað afgreiðslu 15.12. Samþykkt að leggja kr. 500 þús til göngustígagerðar meðfram Jökulsá í Fljótsdal, í svokölluðum fossahring í Laugará og Jökulsá. Styrkurinn er veittur sem mótframlag styrks til verkefnisins, sem Laugarfell Highland Hostel fékk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

7. Fundargerðir

- c) Félagsmálanefnd 12.12 2017. Kynnt.
- d) HAUST 13.12 2017. Kynnt.

8. Önnur mál.

- a) Þorvarður sagði frá að fjárbændur hefðu ekki brugðist nægilega við óskum fjallskilanevndar um að menn kláruðu að smala því fé heim sem enn væri úti . Þá hefur fjallskilanevnd gert Matvælastofnun grein fyrir því að nokkrir fjáreigendur hafi ekki sinnt áskorun um að ná sínu fé heim. Það var því samþykkt á fundi fjallskilanevndar 08.01. að óska eftir að sveitarfélagið kosti smölun á því fé sem enn er á útigangi . Fjallskilastjóri mun annast skipulag. Sveitarstjórn samþykkir beiðni fjallskilanevndar.

Oddviti upplýsti að kostnaður vegna fjárflutninga frá Jökuldal sl. haust hefðu numið kr. 728.387- eða kr 1.393- per kind.

- b) Þorvarður óskar eftir að sveitarfélagið greiði fyrir fundarsetu sína í samráðsnefnd Kröflulínu 3. Samþykkt, en gert ráð fyrir að kostnaður verði endurkrufinn hjá Landsneti.
- c) Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Austurlandi vegna umsóknar um tækifærisleyfi vegna þorrablóts í Fljótsdal , laugardaginn 3. febrúar n.k. Fyrir liggur jákvæð umsögn frá heilbrigðiseftirliti og slökkviliði og byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemd við leyfisveitinguna.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn og staðfestir að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsóknin lítur að , er innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segir til um.

- d) Varðandi ósk Umhverfisráðuneytisins sem barst í tölvupósti um að sveitarfélög á svæðinu innan Vatnajökulsþjóðgarðs undirriti á næstu dögum stuðningsyfirlýsingu við tilnefningu þjóðgarðsins á heimsminjaskrá, telur sveitarstjórn að upplýsingar vanti til að taka afstöðu til undirritunar og texti undirritunarskjals liggur ekki fyrir á þessari stundu. Sveitarstjórn hefur áður fjallað um mögulega tilnefningu og þá var það sjónarmið uppi að ekki væri nægjanlega ljóst hvað fælist í tilnefningunni og því að þjóðgarðurinn færðist á heimsminjaskrá. Ráðuneytið boðar til fundar í Rvk.í lok vikunnar til að kynna fyrir sveitarfélögum stöðu vinnu við tilnefningu, en hún mun vera á lokametrunum. Oddviti mun kanna hvort möguleiki er á fjarfundi, en telur ekki ástæðu til sérstakrar ferðar til að sitja þennan fund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)